



Drög að ályktun í tilefni af kvennafrídeginum

Starfsgreinasamband Íslands minnst þess að 44 ár eru liðin frá fyrsta kvennafrídeginum þann 24. október árið 1975. Þennan dag sameinuðust íslenskar konur um að leggja niður störf og lama þar með íslenskt atvinnulíf til að vekja athygli á ómetanlegu vinnuframlagi kvenna á íslenskum vinnumarkaði og inni á heimilum.

Því miður hefur þróunin í átt til kynjajafnréttis verið hæð frá því fundurinn var haldinn fyrir hátt í hálfri öld. Konur hafa áberandi minni völd í samfélaginu heldur en karlar og bera um fjórðungi minna en karlar fyrir sömu störf.

Af öllum hópum í samfélaginu hallar mest á ófaglærðar verkakonur. Óhætt er að segja að þessar konur beri þyngstu byrðarnar í íslensku samfélagi. Margar hverjar vinna langan vinnudag ásamt því að bera meginábyrgð á umönnun sinna nánustu inni á heimilunum. Þessi hópur eru öðrum hópum líklegri til að verða fyrir áreitni og ýmis konar vanvirðandi hegðun á vinnumarkaði og er líklegastur af öllum hópum starfsmanna til að fara á örorku á miðjum aldri.

Starfsgreinasambandið stendur í harðri kjaradeilu við sveitarfélögin, Reykjavíkurborg og ríki. Þar undir eru fjölmennar kvennastéttir í umönnunarstörfum. Sambandinu blöskrar hvernig komið er fram við þessar konur og hversu takmarkalaus lítilsvirðingin í þeirra garð lýsir sér í viðræðunum.

Nú er nóg komið. Löngu er orðið tímabært að störf þessara kvenna séu metin að verðleikum. Samfélagið verður að taka höndum saman um að tryggja þeim fullnægjandi starfskjör og þar með virðingu í okkar ríka landi. Þar ætti að sjálfsögðu hið opinbera að ganga á undan með góðu fordæmi.

Starfsgreinasambandið skorar á hið opinbera að koma af heilum hug til samningaviðræðna um laun og vinnuaðstæður verkafólks í þeirra ranni. Að tryggja þeim hærri laun og styttri vinnuviku til að stuðla að mannsæmandi lífsviðurværi og kynjajafnrétti í samfélaginu.